
Fornleifaúttekt í landi Vorsabæjar í Austur-Landeyjum

Mat á umhverfisáhrifum vegna efnistöku



Lilja Laufey Davíðsdóttir

Fornleifastofnun Íslands ses
Reykjavík 2020
FS823-20421



Forsíðumyndin er af ungu garðlagi innan úttektarsvæðis sem hlaðið var undir girðingu á árunum 1955-1956. Garðlagið er ekki fornleif og var því ekki tekið með á fornleifaskrá.

© 2020

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES

BÁRUGÖTU 3

101 REYKJAVÍK

SÍMI: 551 1033

NETFANG: fsi@fornleif.is

VEFSÍÐA: www.fornleif.is



Efnisyfirlit

Samantekt.....	6
Summary	6
1. Inngangur	8
2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf.....	10
3. Aðferðir við fornleifaskráningu	12
4. Fornleifaskrá	14
Sögulegt ágríp fyrir Ossabæ/Vorsabæ RA-097.....	14
RA-621 Fornleifar á fleiri en 1 jörð	14
5. Niðurstöður og umræða	15
Heimildaskrá	16
Viðauki 1 – Minjakort.....	17

Samantekt

Í þessari skýrslu eru birtar niðurstöður fornleifaúttektar sem gerð var á haustmánuðum árið 2020 í tengslum við mat á umhverfisáhrifum vegna efnistöku í landi Vorsabæjar í Austur-Landeyjum. Aðeins fannst einn minjastaður innan úttektarsvæðisins, heimild um gamla leið sem lá frá Voðmúlastöðum, um Vorsabæ og norður að Auraseli. Leiðin lá þvert yfir úttektarsvæðið en er alveg horfin á yfirborði innan þess. Við suðurjaðar úttektarsvæðisins voru tvö ung garðlög, hlaðin á árunum 1955-1956, ásamt heimild um fjárhús sem byggt var árið 1957. Þessar minjar eru allar of ungar til að teljast til fornleifa.

Efnisorð: Fornleifufræði, fornleifaskráning, efnistaka, Ísland, Suðurland, Rangárþing Eystra, Austur-Landeyjar, Vorsabær


Summary

This report presents the findings and conclusions of a detailed field survey carried out in 2020 in connection with an environmental assessment in Vorsabær in Austur-Landeyjar, South Iceland. Only one archeological remain was found within the area; an old route leading from Voðmúlastaðir, through Vorsabær to the next farm to the north, Aurasel. The route once ran through the assessment area but is no longer visible on the surface. At the southern edge of the assessment area, two young boundary walls were found (built in 1955-1956) and close by there used to be a sheep house (built in 1957) that was destroyed in a storm in 1991 and is no longer visible. These remains are too young to be considered as archaeological remains.

Keywords: Archaeology, detailed survey, quarry, Iceland, South Iceland, Rangárþing Eystra, Austur-Landeyjar, Vorsabær

1. Inngangur

Á haustdögum 2020 fór Hólaskarð ehf. þess á leit við Fornleifastofnun Íslands ses að hún tæki að sér skráningu fornleifa á fyrirhuguðum efnistökurreit í landi Vorsabæjar í Austur-Landeyjum (mynd 1). Fyrirtækið Umhverfisráðgjöf sá um mat á umhverfisáhrifum á svæðinu og var einnig milliliður í verkinu. Svæðið sem um ræðir er um 26 ha að stærð og er 1 km norðan við bæjarstæði Vorsabæjar og 100-200 m sunnan farveggar Affalls. Á norðanverðu svæðinu eru lítt grónir áraurar eftir jökulhlaup í Markarfljóti en á sunnanverðu svæðinu er að mestu þýfður



Mynd 1. Yfirlitskort af úttektarsvæðinu sem sýnir afmörkun þess og staðsetningu fornleifa sem fundust innan reitsins.

grasmói.

Vettvangsathugun fór fram í lok október 2020. Gengið var skipulega um svæðið, minjastaðir hnitsettir og sýnilegar minjar á yfirborði mældar upp með GPS tæki af gerðinni Trimble Geoexplorer 6000. Á vettvangi kom í ljós að efnistaka hafði þegar hafist á stórum hluta árauranna á vesturhluta úttektarsvæðisins og var það svæði því ekki gengið. Aðeins var skráður einn minjastaður innan svæðisins. Um vettvangsvinnu, úrvinnslu, kortagerð og

skýrslugerð sá Lilja Laufey Davíðsdóttir, fornleifafræðingur. Allar ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af skýrsluhöfundi en loftmyndir eru frá Loftmyndum ehf.

Uppbygging skýrslunnar er með þeim hætti að á eftir inngangskafli kemur yfirlit um sögu fornleifaskráningar og löggjöf um minjavernd í landinu en í þriðja kafla er farið yfir skráningakerfi og aðferðir Fornleifastofnunar Íslands. Fjórði kaflinn er sjálf fornleifaskráin þar sem fjallað er um þá fornleif sem er innan úttektarsvæðis og í fimmta og jafnframt síðasta kaflanum eru teknar saman helstu niðurstöður úttektarinnar. Aftast eru viðaukar og heimildaskrá.

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenszka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 21. grein laga um menningarminjar (nr. 80/2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölpætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókni, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, sknúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bæn húsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,

b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,

c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörðar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef mannvistarleifar sem falla undir ofangreinda skilgreiningu finnast á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, þá þarf að leita heimildar til að hreyfa við þeim. Í 24. gr. laga um menningarminjar segir m.a.: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonnnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Komi til björgunargraftar vegna framkvæmda, ber framkvæmdaraðili þann kostnað sem af því hlýst.

Með hliðsjón af ofangreindum lagaákvæðum er mikilvægt að hafa í huga að þrátt fyrir ítarlega heimildarkönnun og vettvangsathugun á yfirborðsummerkjum er ekki hægt að tryggja að áður óþekktar minjar geti ekki komið í ljós við framkvæmdir eða jarðrask.

3. Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar Íslands hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: ÁR-191:001). Fornleifaskráin samanstendur af lista yfir þær fornleifar sem skráðar voru á vettvangi innan rannsóknarsvæðis.

Númer jarðar í Jarðatali Johnsens

Númer fornleifar á tiltekinni jörð

Sérheiti

Tegund


Hlutverk

Hnattstaða í landshnitakerfi ISN93

Sýslutákn

A: 477680 N: 564450





Ljósmynd og uppmæling af minjastað

Útihús 017, horft til ASA

Í aðalskráningarskýrslu Bygðasafns Skagfirðinga frá 2004 segir: "Um 150 metra austur af núverandi hesthúsi, um 40 metrum vestan skurðar sem liggur neðan við brekkuna sem liggur frá gamla bæjarstaðinu eru tóftir útihúsa, hugsanlega hesthúss eða stekks. [...] Tóftin er tvískipt, hún er 7x10 metrar að utanmáli, mesta breidd veggja eru 2 metrar og mesta hæð 1 metri en veggir eru töluvert hrundir. Tóftin sem liggur norður/suður er algróin og sér hvergi í grjót." Tóftin er 110 m suðaustan við bæ 001 og rúmum 120 m austan við hesthús Stíganda. Hún er rúmum 70 m suðaustan við miðlinu þess úttektarsvæðis sem tekið var út fyrir Rarik haustið 2020 og því 55 m utan svæðis.

Stórþýft holt, grasi vaxið. Tóftin er 12 x 8.5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Á þeim 16 árum sem liðin frá síðustu skráningu Bygðasafns Skagfirðinga virðist hún hafa látið nokkuð á sjá og eru veggir hennar hlaupnir í þúfur. Tóftin er að öllum líkindum tvískipt en þó sést aðeins eitt greinilegt hólf og óljós kantur eða hluti af innanmáli hólf. Hólfíð er 3.5 x 1.5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Kanturinn er sunnan við hólf I og er 4 m langur. Hann snýr suðvestur-norðaustur en beygir lítilliga beggja vegna til norðvesturs. Tóftin virðist torfhlaðin og ekki sjást nein ummerki um grjóthleðslur. Veggir hennar eru fremur breiðir, eða 2,5-3,5 m. Þeir eru 0.3-0.5 m á hæð. Tóftin er mjög sokkin og þýfð og líklega búin að týna upphaflegu útliti sínu í gróður og þýfi.

Hættumat: Hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Bsk 2004, 81

Hætta sem steðjar að fornleif

Heimild sem vísað er í, nánari færsla í heimildaskrá

Mynd 2. Dæmi um framsetningu minjastaðar í skýrslum Fornleifastofnunar Íslands

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifarnar eru, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagaðblettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í ISN93. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum og er mældur punktur með kennitölu í miðju hvers minjastaðar. Samkvæmt lögum hafa allar fornleifar 15 m helgunarsvæði frá ystu mörkum minjastaðarins.

Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirbyggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hættu, 2) hættu og 3) stórhættu. Þeir minjastaðir sem eru fjarri byggð og öllu því umróti sem hugsanlega gæti skemmt þá teljast jafnan ekki í hættu. Það á einnig við um minjar sem eru horfnar með öllu og engin von er til þess að leifar af þeim hafi varðveist undir sverði. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eru fyrirsjáanlegar teljast í hættu ef hugsanlegt er talið að þeim verði raskað. Sem dæmi um slíka staði má nefna fornleifar í túni en þær teljast í hættu vegna þess umróts sem fylgir ábúð og búskap og fornleifar sem eru á svæðum þar sem framtíðar landnotkun er óráðin. Í stórhættu teljast minjastaðir þar sem miklar líkur teljast á að stöðum kunni að verða raskað vegna áætlaðs eða fyrirsjáanlegs umróts. Sem dæmi um slíka staði má nefna fornleifar sem eru á skipulagssvæði þéttbýlis, inni í skógræktarreitum, innan áhrifasvæðis framkvæmda eða þar sem uppblástur ógnar. Í þessari úttekt voru allir minjastaðir innan svæðis skilgreindir í stórhættu vegna efnistöku þar sem ljóst er að þeir munu hverfa alveg ef allt svæðið verður tekið undir jarðvegsnámu.

Í síðustu línu er getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

Að lokum má geta þess að í skýrslunni eru aðeins birtar upplýsingar um þær minjar sem reyndust innan úttektarsvæðisins. Af þeim sökum er númeraröðin ekki samfelld í fornleifaskránni.

4. Fornleifaskrá

Sögulegt ágríp fyrir Ossabæ/Vorsabæ RA-097

Jörðin talin 20 hdr. 1709, og reiknast þá með Kanastaðir. Skálholtskirkjueign. Elsta heimild um jörðina er í Njálssögu sem er talin rituð um 1270. Jörðin eyðilagðist um 1705 af sandblæstri. Það bæjarstæði sem þá fór í eyði er nú í landi Kanastaða RA-096. Þá voru tvær eyðihjáleigur á jörðinni, Vorsabæjarhjáleiga og Höskuldargerði. (JÁM I, 135).

Til forna var jörðin nefnd Ossabær en í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1709 er hún nefnd Vorsabær og hefur það nafn verið tekið upp á þessari öld. Tvíbýli var í Vorsabæ til 1921, þá var búskap hætt í austurbænum. (SB IV, 246).

1709: "Ekki sýnist jörðin aftur byggileg, því bæjarstæðið og tún mestöll hefur blásturssandur yfiringið og af tekið, þar með engjum spilt, er hverki bæjarstæði hentugt að fá nje slægjur, sem menn kunna not af hafa sökum ágangs af peningum annarra." (JÁM I, 136).

1849: "Tún slétt, grasgefin og lítil, engar engjar. Haglendi gott en blásið. Gripagagn gott sumar og vetur." (Landeyingabók, 413).

1927: Vesturbær: Tún 2,1 ha, þar af 1,8 ha sléttað, garðar 704 m². Austurbær: Tún 1,4 ha, þar af 1 ha sléttað, garðar 944 m². "Jörðin er nú um 750 ha.; hún er þurrlend, með valllendi með miklum kvisti og land að mestu gróið, utan malaraur meðfram Affalli. Landið er allt snöggjent. Vestrarheit sémileg, og landið er að mestu afgirt. Hlunnindi: Malartekja í Affalli." (SB IV, 246).

RA-621 Fornleifar á fleiri en 1 jörð

RA-621:005 heimild leið

A: 445094 N: 353758

Leið er merkt inn á herföngjaráðskort frá árinu 1908. Hún lá frá Voðmúlastöðum RA-098 þar sem var stórbýli og kirkja um Vorsabæ RA-097 og áfram norður yfir árfarveg Affalls að Auraseli RA-225. Leiðin var skoðuð norðarlega í landi Vorsabæjar. Engin ummerki sást um hana innan úttekarsvæðis sem þar var til skoðunar vegna fyrirhugaðrar jarðvegsnámu. Leiðin lá í gegnum þýfðan grasmóa.

Leiðin lá þvert yfir úttekarsvæðið en í dag sjást engin ummerki um hana innan þess. Kindagötur sjást í móanum 30-50 m vestan hennar en stefna þeirra er í NNV -SSA en leiðin á herföngjaráðskotinu stefnir NNA-SSV. Þess má þó geta að móinn var girtur af árið 1955 og hugsanlega hafa göturnar myndast þarna sökum þess að ekki var lengur hægt að fara gömlu leiðina. Þær hafa þá líklega að mestu verið troðnar af sauðfé enda ferðir um svæðið almennt breyttar á þessum tíma og orðnar ólíkar því sem var fyrir á öldum. Leifar af gömlu þjóðleiðinni má sjá á eldri loftmyndum sunnan úttekarsvæðis en í dag eru þær horfnar undir túnrækt. Hugsanlega gætu leifar af leiðinni leynst undir sverði innan úttekarsvæðis, þó það teljist ólíklegt, og hún því skráð í stórhættu vegna efnistöku.

Hættumat: Stórhætta, vegna efnistöku

Heimildir: Herföngjaráðskort 48 SA

5. Niðurstöður og umræða

Þegar farið var á vettvang í októberlok kom í ljós að efnistaka hafði þegar hafist á stórum hluta árauranna á vesturhluta úttektarsvæðisins. Stórir sandhaugar voru á svæðinu og þakti efnistökunáman um þriðjung af úttektarsvæðinu. Svæðið þar sem efnistaka hafði þegar hafist var ekki gengið, enda búið að raska því öllu. Litlar sem engar líkur er á því að sýnilegar minjar hafi verið að finna þar.

Aðeins reyndist einn minjastaður innan úttektarsvæðis í landi Vorsabæjar; gömul leið sem lá þvert yfir það frá bæjarstæði Vorsabæjar, sem byggt var á 18. öld, í átt að Auraseli RA-225, norðan Affalls. Bærinn í Vorsabæ var fluttur undan uppblæstri og er eldra bæjarstæðið innan jarðarinnar Kanastaða (sjá þar RA-096:015), rúmum 3 km suðvestar.¹ Engin ummerki um leiðina sást innan úttektarsvæðisins. Þar virðist leiðin vera horfin í gróður en einnig hefur borist mikið af sandi og fokmold af áraurum Affalls yfir svæðið og fyllt upp í göturnar. Á eldri loftmyndum á leitarvélinni Bing má sjá að götur á leiðinni voru nokkuð greinilegar sunnan úttektarsvæðisins en þær sjást ekki lengur þar vegna túnræktar.²

Engar aðrar fornleifar fundust á úttektarsvæðinu en á suðausturhluta þess eru ung mannvirki sem tengjast búfjárhaldi og -beit á 20. öld. Samkvæmt heimildarmanni, Björgvini Guðmundssyni ábúanda á Vorsabæ, voru fjárhús byggð á svæðinu árið 1957 og í tengslum við þau höfðu á árunum áður verið hlaðnir torfgarðar á undir girðingar sem enn sjást innan úttektarsvæðisins. Fjárhúsin fuku í óveðri árið 1991 en enn má sjá ummerki í gróðri þar sem þau stóðu. Björgvin rak ekki minni til þess að neinar aðrar byggingar eða mannvirki hefðu verið innan úttektarsvæðisins. Að hans sögn tóku fjárhúsin sem byggð voru árið 1957 við af eldri beitarhúsum sem heita Rimahús RA-097:014. Leifar af Rimahúsum eru tæpum 470 m sunnan við úttektarsvæðið og sjást vel á loftmyndum. Hvorki garðlögin né áðurnefnd fjárhús voru tekin með á fornleifaskrá enda ekki orðin 100 ára og teljast því ekki til fornminja.

Samkvæmt aðalskipulagi Rangárpings Eystra er úttektarsvæðið skipulagt sem efnistökusvæði³ og því er ljóst að því mun öllu verða raskað. Ólíklegt er að miklar leifar af gömlu leiðinni leynist undir sverði. Það er þó Minjastofnun Íslands sem sker úr um það hvort, og þá til hvaða mótvægisáðgerða þurfi að grípa til þess að efnistaka verði leyfileg á öllu svæðinu.

¹ SB IV, 246

² Kortasjá Bing (2020).

³ Skipulagstofnun (2015).

Heimildaskrá

Björgvin Guðmundsson, fæddur 27. júní 1959.

Kortasjá Bing (2020). Sótt af <https://www.bing.com/maps/>

JÁM I: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Gullbringu- og Kjósarsýsla*. I bindi. (1918–1921). Hið íslenska bókmenntafélag, Kaupmannahöfn.

Herforingjaráðskort 48 SA. 1910. Generalstabens topografiske Afdeling, Kaupmannahöfn.

Landeyingabók: Valgeir Sigurðsson (1999). *Landeyingabók. Austur-Landeyjar*. Austur-Landeyjahreppur, Austur-Landeyjahreppi.

SB IV: *Sunnlenskar byggðir IV. Rangárþing austan Eystri-Rangár* (1982). Búnaðarsamband Suðurlands, Selfoss.

Skipulagsstofnun (2015). Aðalskipulag Rangárþings Eystra. Sótt af <http://skipulagsaaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/display.aspx?numer=12668>

Viðauki 1 – Minjakort

